

Samstarfsamningur Garðabæjar og Klifsins

Garðabær, kt. 570169-6109 og Klifið, félagssamtök kt. 670810-0380 gera með sér eftirfarandi samstarfsamning:

1. gr.

Með samningi þessum er kveðið á um gagnkvæmar skyldur samningsaðila um útfærslu á tómstundastarfi barna og unglinga í Garðabæ.

Klifið skal hafa það að markmiði í starfsemi sinni að bjóða börnum og unglingum skipulagt tómsundastarf undir leiðsögn vel menntaðra leiðbeinenda.

Garðabær skal treysta fjárhagslegan rekstrar og starfsgrundvöll Klifsins með samkomulagi um afnot af hluta Holtsbúðar 87 og með beinum fjárframlögum.

Garðabær styður við starfsemi Klifsins með því að miðla upplýsingum um starfsemina þar sem það á við. Til dæmis í gegnum miðla og innviði bæjarfélagsins.

2. gr.

Klifið skuldbindur sig til að veita eftir fremsta megni tómstundanám eins og best gerist í nágrannasamfélögunum. Boðið er upp á ýmiskonar tómstundanámskeið, með aðaláherslu á skapandi starf t.d. í vísindum, tækni, myndlist, tónlist, sviðslist, dans og hreyfingu.

Allir sem koma að starfi með æskufólki á vegum Klifsins þurfa að uppfylla starfsskilyrði samkvæmt 10. gr. æskulýðslaga nr. 70/2007 um hreint sakavottorð.

3. gr.

Klifið skal við framkvæmd samningsins huga sérstaklega að því að mæta þörfum fatlaðra barna og ungmenna í samræmi við stefnu Garðabæjar í málefnum fatlaðs fólks. Jafnframt skal félagið taka mið af jafnréttisáætlun Garðabæjar og skipuleggja starf sitt með þarfir og hagsmuni beggja kynja í huga.

4. gr.

Klifið fær til afnota hluta af húsnæði að Garðatorgi 7 eða samtals 104 m² (sjá fylgiskjal I Leigusamningur um Garðatorg 7). Garðabær greiðir Klifinu húsleigustyrk að fjárhæð kr. 1.260.000

Vinnuframlag vegna greiðslu á leigu er tvíþætt:

1. Að veita ráðgjöf vegna verkefna er tengjast þróun í skólastarfi s.s. aðstoð uppsetningu á kynningarefni, umsóknir í sjóði o.fl.
2. Að sjá um utanumhald á vefnum www.menntaklif.is. Menntaklif er þekkingartorg fyrir þróun og miðlun þekkingar og reynslu þvert á skóla, skólastig, félög og stofnanir í Garðabæ.

Mótframlag er reiknað í vinnutímum og eru áætlaðir u.þ.b. 105 tímar til 1. maí 2018.

Klifið skal fá afnot af íþróttamannvirkjum i eigu bæjarins gegn greiðslu í samræmi við gildandi gjaldskrá.

5. gr.

Garðabær greiðir Klifinu á gildistíma samningsins árlegt rekstrarframlag að fjárhæð kr. 5.000.000 vegna verkefna og markmiða samkvæmt 1. – 3. grein. Framlagið skal greitt á eftirfarandi hátt:

Í janúar	kr. 2.000.000
Í apríl	kr. 1.000.000
Í júlí	kr. 1.000.000
Í desember	kr. 1.000.000

6. gr.

Klifid skuldbindur sig til að skila rekstrarskýrslum til fræðslu og menningarsviðs um starfsemina ásamt ársskýrslu.

Í rekstrarskýrslunni skal gera grein fyrir hvernig rekstrarstyrknum hefur verið varið og er það gert í júní ár hvert.

7. gr.

Um frekari fjárveitingu til Klifsins vegna námskeiðahalds verður ekki að ræða á samningstímanum, nema samið verði um sérstök samstarfsverkefni sem ekki eru tilgreind í 1-3 grein samningsins.

9. gr.

Samningur þessi gildir til ársloka 2018 en er uppsegjanlegur með sex mánaða fyrirvara. Endurskoðun samningsins skal fara fram við undirbúning fjárhagsáætlunar ár hvert.

Garðabæ, 2017

Fh. Garðabæjar

fh. Klifsins